

278. fundur Skólanefndar FS

12. september 2006



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Albert Albertsson, Páll Ingólfsson, Ingimundur Þ. Guðnason, Garðar Páll Vignisson, áheyrnarfulltrúarnir Ragnheiður Gunnarsdóttir og Valgerður Björk Pálsdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Innritun á haustönn 2006.
 2. Fjárhagsmál.
 3. 30 ára afmæli skólans.
 4. Önnur mál.

1. Innritun á haustönn 2006.

Skólameistari kynnti tölur yfir fjölda umsókna og fjölda nemenda á haustönn. Nemendur eru alls 1267 samkvæmt síðustu tölum ráðuneytis.

2. Fjárhagsmál.

Rætt um fjárhagsstöðu skólans. Enn er óljóst með fjárveitingar fyrir alla þá nemendur sem teknir voru inn í skólann í haust. Skólanefnd mótmælir því að skólanum séu ekki tryggðar fjárveitingar til að taka á móti þeim nemendum af Suðurnesjum sem vilja stunda nám við skólann og skólanum er skylt að þjónusta samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti. Nefndin felur skólameistara að ítreka beiðni til ráðuneytis um skýr svör um fjárveitingar til skólans.

3. 30 ára afmæli skólans.

Skólameistari sagði frá því að afmælisnefnd hefur haldið sinn fyrsta fund. Hann kynnti einnig hugmyndir um afmælisblað sem dreift yrði á landsvísu.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum kynningarfundum fyrir foreldra nýnema og fréttabréfi sem sent var til forráðamanna yngri nemenda.
- b) Albert spurði hvernig kennslu í námstækni væri háttað í skólanum og hvatti til þess að hún yrði eflað. Skólameistari sendir nefndarmönnum nánari upplýsingar um þetta.

- c) Garðar Páll hvatti til þess að skólinn fjárfesti í fjarfundabúnaði til að greiða fyrir fjarkennslu, t.d. í öldungadeild.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

2006 Innritunarhugmyndir skólanna

Tölur úr Berta frá fundi jan/feb = áætlun skóla (og ráðuneytis)						Staða innritunar í byrjun skólaárs, = höfðatölur							
Höfðatölur						Höfðatölur							
	Höfðatala dagsk frá fyrra ári	Innritun í dagsk úr 10. b.	Innritun nýir/eldri nem / mat	Höfðatala Annað nám 1	Höfðatala Annað nám 2			Höfðatala dagsk frá fyrra ári	Innritun í dagsk úr 10. b.	Innritun nýir/eldri nem / mat	Höfðatala Annað nám 1	Höfðatala Annað nám 2	
Skóli							Skóli						Alls
MR	596	250					MR	627	235	4			866
MA	502	200					MA	508	221	5	16		750
ML	105	55					ML	90	38	3	1		132
MH	833	300	20	85	228		MH	760	291	39	85	220	1.395
MS	536	225					MS	538	223				761
MÍ	201	100	20	38			MÍ	183	72	53	2		310
ME	223	120	30	40	40		ME	196	81	31	62	50	420
MK	860	280		40	150		MK	649	268	187	245	168	1.517
KVSK	424	156					KVSK	415	155	4			574
FB	883	250	300	812			FB	763	202	325	742		2.032
FÁ	651	200	200	1.200			FÁ	684	179	277	1.400		2.540
FLB	408	210	45	35			FLB	421	222	61	36		740
FS	707	250	50	120	160		FS	701	243	25	145	153	1.267
FVA	454	150	70	4			FVA	350	159	61	8	31	609
FÍV	169	70		10			FÍV	178	68	8		18	272
FNV	273	100		70			FNV	236	111	20	80		447
FSU	641	260	90	18			FSU	502	251	153	37	50	993
VA	198	30	15	30			VA	212	30	42	26	17	327
VMA	858	250	15	827			VMA	713	258	271	750		1.992
FG	452	200	20	98			FG	429	170	69	187		855
FAS	88	32		94	30		FAS	50	34	50	72	44	250
FSH	101	50		18			FSH	64	42	60	1		167
FL	79	55					FL	55	42	21	9		127
BHS	674	270	150	80	210		BHS	685	230	195	120	220	1.450
FSN	192	67					FSN	135	58	45	20		258
MHR	79	60	49				MHR	71	39	47			157
FTÍ	212	75	25				FTÍ	150	43	130			323
IR	838	170	490	193	338		IR	692	211	625	130	360	2.018
IH	243	100	220				IH	272	95	242			609
VI	886	350	10	760	40		VI	817	366	26	690	27	1.926
	13.344	4.940	1.829	4.456	1.192	25.761		12.146	4.637	3.079	4.864	1.358	26.084

Afmælisnefnd
30 ára afmæli Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Björk Guðjónsdóttir
Kristbjörn Albertsson
Hjálmar Árnason
Gunnar Sveinsson
Tómas Tómasson
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Magnús Ó Ingvarsson
Sumarrós Sigurðardóttir
Valgerður Pálsdóttir (formaður nfs)

Jón Sæmundsson (fjármál)
Guðmann Kristþórsson (ritari)
Ólafur Jón Arnbjörnsson